



**Ávarp
verndara Framadaga
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Þótt hamfarir herji á hagkerfi heimsins og Íslendingar glími við djúpstæða kreppu eru gleðilegar vísbendingar um betri tíma fólgnar í því hve ríkulegar áherslur fjölmörg fyrirtæki, rannsóknarstofnanir, sérfræðingar og hugsuðir leggja á tækifærin sem blasa við á fjölmörgum sviðum.

Ísland býr ekki aðeins að dýrmætum auðlindum: hreinni orku og einstæðri náttúru, fiskistofnum og landsins gæðum, forðabúrum drykkjarvatns og hollrar fæðu; við höfum líka byggt upp öflugar menntastofnanir og stuðningskerfi sem gerir námsmönnum kleift að sækja þekkingu og þjálfun vítt um veröld.

Þetta samspil auðlinda og menntunar er mikilvægur vegvísir um nýja framtíð og samræða námsmanna og atvinnulífs því afar brýn.

Framadagar hafa á undanförunum árum orðið vettvangur fyrir aukin tengsl fyrirtækja við háskólana og gefið námsmönnum kost á að kanna ýmis tækifæri. Nú blasir við að styrkja slík tengsl svo að sem flestir geti tekið höndum saman við að skapa nýtt Ísland.